

BAUTASTEINNINN



Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands 1. tölublað 8. árgangur apríl 2003



Menningargærsemi í Miðdal – viðtal við Rannveigu Pálsdóttur	bls. 4
Hlið – minnisvarði um horfna eftir listakonuna Rúrí	bls. 10
Ferðast um tímarn – kirkjugarðurinn við Suðurgötu	bls. 11
Lucindugarðinn á Spákonufelli eftir Björn Th. Björnsson	bls. 12
Framkvæmdir í Hólmsbergskirkjugarði í Keflavík	bls. 16
Kirkjan í Hjarðarholti flóðlýst á óvenjulegan máta	bls. 20

Bentzen A.s.

Við erum stærsta heildsala Noregs með tæki og búnað fyrir kirkjugarða og útfararstofnanir. Við viljum gjarnan senda ykkur fjölbreyttan vörulista okkar. Hafið samband við okkur í síma: 00 47 69 244940 eða fax: 00 47 69 244944.

Hér eru nokkur sýnishorn úr vörulistanum okkar:

NÝJUNGAR



Rafknúíð sigtæki sem hægt er að hlaða, auðvelt í notkun, vegur aðeins 34 kg, stillanleg breidd.

Á myndinni er sigtæki fyrir kistur, lagt á grafarumgjörð úr trefjaplasi. Mjög sterkt hrufótt yfirborð gerir rammann staman.

Við erum einnig með handsnúíð sigtæki.

STUÐNINGSRAMMI ÚR STÁLI MEÐ SINKHÚÐ

Nauðsynlegt tæki þar sem jarðvegur er laus og hætta á hruni.

Hæð 30 sm.
Innamáls lengd 217 sm.
Stillanleg breidd 60–100 sm.
Mjög hagstætt verð.
Biðjið um tilboð.

Við bjóðum upp á fleiri gerðir stuðningsramma.



VÖKVALYFTA FYRIR PERSTORP SORPTUNNUR

Vegur 45 kg.
Engin líkamleg átök.
5 mismunandi hæðarstillingar.
Sniðið fyrir Perstorp sorptunnur 140, 190 og 380 lítra.

Einföld og þægileg lausn til að fjarlægja sorp og annan úrgang frá heimilum, verksmiðjum og iðnaðarhúsnæði.

Aðildarfélagar KGSÍ vilja breyta tekjukerfi kirkjugarða



Þórsteinn Ragnarsson formaður Kirkjugarðasambands Íslands.

Félagsfundur KGSÍ

Á félagsfundi KGSÍ, sem haldinn var á Hótel Loftleiðum mánudaginn 10. mars sl., samþykkti mikill meirihluti aðildarféлага að fela stjórn að fylgja eftir skýrslu um fjármál kirkjugarða en þar er gerð grein fyrir gjaldalikani fyrir kirkjugarða sem kollvarpar núverandi tekjukerfi þeirra. Einnig eru ýmsar tilögur í skýrslunni, t.d. er lagt til að sameina innan prófastsdæma allar kirkjugarðsstjórnir sem stýra kirkjugörðum sem hafa færri gjaldendur en 500. Ef sú breyting gengi eftir fækkaði kirkjugarðsstjórnnum um rúmlega 200 á landinu.

Skýrsla um fjármál kirkjugarða

Skýrsla um fjármál kirkjugarða var samin að frumkvæði Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) sem skipaði vinnuhóp til að fara ofan í saumana á fjármálum kirkjugarða, rýna í lögbundnar skyldur þeirra og athuga hvaða kostnaður hlýst af því fyrir samfélagið að uppfylla þessar skyldur. Skýrslan er í tveim-

ur hlutum, fyrst er gerð grein fyrir gerð gjaldalikans fyrir kirkjugarða og síðan er upptalning allra þeirra kirkjugarða, sem voru teknir inn í líkanið. Rekstrarliðir þeirra eru sundurliðaðir og niðurstöður birtar fyrir hvern kirkjugarð. Vinnuhópur KGSÍ hefur verið að störfum frá því seint á árinu 2000 fram að útgáfu skýrslunnar í febrúar 2003.

Niðurstöður gjaldalikansins

Niðurstaða líkansins sýnir að fjárförf kirkjugarða samkvæmt gjaldalikani er 16,9% hærra en rauntekjur árið 2000.

Kirkjugarðasjóður þarf um 18% hækkun til að sjá sómasamlega um verkefni sem honum eru falin. Samtals er hækkunarþörfin á verðlagi 2000 um 91 milljón eða rétt 17%, þegar litið er til kirkjugarða í heild og verkefna Kirkjugarðasjóðs.

Kirkjuráð og kirkjugarðaráð munu á næstu vikum taka skýrsluna til athugunar og verður hún síðan lögð fram fyrir embættismenn í fjármálaráðuneyti og kirkjumálaráðuneyti þar sem óskað verður eftir viðræðum um efni hennar.

Gjaldalikanið er í heild sinni á slóðinni:
<http://www.kirkjugardar.is/kgi>

Þórsteinn Ragnarsson

NÆSTI AÐALFUNDUR

Það verður komið sumar þegar aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ) verður haldinn í Keflavík, þann 31. maí n.k. Fundurinn verður haldinn í safnaðarheimili Keflavíkurkirkju, sem er stórglæsileg nýbygging er tengist gömlu kirkjunni. Þar verður margt til umræðu enda dagskrá fundarins fjölbreytt. Auk venjulegra aðalfundastarfa eru eftirfarandi málefni á dagskránni:

- Saga Hvalsneskirkjugarðs.

- Framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs segir frá helstu verkefnum Kirkjugarðasjóðs á yfirstandandi ári.
- Sagt verður frá því hvaða móttökur gjaldalíkan fyrir kirkjugarða hefur fengið hjá stjórnvöldum.
- Sagt verður frá undirbúningi norrænnar ráðstefnu um málefni kirkjugarða og bálstofa sem verður í Reykjavík í ágúst 2005.
- Gardur.is - hvernig gengur?
- Heimsókn skólabarna til KGRP.

- Góður tími verður nú gefinn í almennar fyrirspurnir.

Makar fundarmanna verða boðnir í kynnisferð um Suðurnesin og sameiginleg skemmtun verður um kvöldið.

Aðildarfélagar eru minntir á að svara útsendum gögnum vegna herbergjapantana sem fyrst. Nánari upplýsingar fást hjá Sigurjóni Jónassyni í síma 585-2710.

BAUTASTEINN

Útgefandi:
Kirkjugarðasamband Íslands

Ábyrgðarmaður:
Þórsteinn Ragnarsson

Afgreiðsla:
Skrifstofa KGRP, Fossvogi
Sími: 585 2700, Fax: 585 2701
www.kirkjugardar.is

Ritstjórn:
Benedikt Ólafsson
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Sigurjón Jónasson

Umsjón:
Hulda G. Geirsdóttir

Umbrot og prentun:
Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



Forsíðumyndin er frá Hjarðarholti í Dölum. Ljós. Rafn Sigurbjörnsson.

Menningargersemi í Miðdal

- rætt við Rannveigu Pálsdóttur

Miðdalur við Laugarvatn er fornt höfuðból og kirkjustaður og elstu heimildir um kirkju þar er að finna frá aldamótunum 1200. Núverandi eigandi jarðarinnar er hins vegar Félag bókargerðarmanna sem nýtir jörðina sem sumarleyfisstað og hefur m.a. verið gerður golfvöllur þar.

Í Miðdal hafa staðið níu torfkirkjur frá 1623 og timburkirkjan sem nú stendur var reist árið 1869, en endurbyggð í upprunalegri mynd á árunum 1984-1988.

Rannveig Pálsdóttir hefur nýverið látið af störfum sem formaður sóknarnefndar í Miðdal eftir 29 ára setu í nefndinni, þar af 21 ár sem formaður. Hún og eiginmaður hennar, Kristinn Kristmundsson, fyrrverandi skólameistari á Laugarvatni, fluttu sl. haust til Reykjavíkur eftir 32 ára búsetu á Laugarvatni. Á þeim tíma sem Rannveig hefur starfað í sóknarnefndinni hefur Miðdalskirkja verið endurbyggð og kirkjugarðurinn og umhverfi kirkjunnar allt endurbætt og fegrað. Við heimsóttum Rannveigu á hlýlegt og notalegt heimili hennar í Reykjavík þar sem hún rakti sögu endurbótanna fyrir okkur.

Mikil vinna en ánægjuleg

Rannveig segir þennan tíma hafa verið eftirminnilegan og hún hafi átt því láni að fagna að vinna með afskaplega góðu fólki.



Miðdalskirkja árið 1984 áður en framkvæmdir hófust. Hér er kirkjan járnklædd og ljósmáluð.

Vinnan hafi tekið nokkuð langan tíma, en uppskeran verið ánægjuleg. Hugmyndir að endurgerð kirkjunnar kviknuðu fyrst á safnaðarfundum í byrjun níunda áratugarins: „Árið 1982 kom fram á almennum safnaðarfundum á Laugarvatni áhugi á því að gera við kirkjuna í Miðdal og jafnframt huga að kirkjugarðinum og var samþykkt að fela sóknarnefnd undirbúning þess verks.“ Nefndin leitaði til Harðar

Ágústssonar listmalara og forn-húsafræðings sem tók verkið að sér og þar með var kirkjunni borgið. Laust eftir 1960 setti biskupsstofa á fót embætti umsjónarmanns kirkjugarða og var Aðalsteinn Steindórsson úr Hveragerði ráðinn til starfans. „Við leitum til hans í maí 1983 og hann reyndist okkur frábæra vel. Hann kom á sóknarnefndarfund og gerði síðan ákveðnar tillögur um

endurbætur á kirkjugarði sem unnið yrði að samhliða enduruppbyggingu kirkjunnar.“

Við tók skráning leiða í garðinum, en ákveðið hafði verið að slétta garðinn. Í framhaldinu komu svo fram hugmyndir um stækkun garðsins og gerði Aðalsteinn tillögu um að stækka hann um 36 grafarstæði til suðurs. Var hún samþykkt árið 1987.

Gjörbreytt kirkja

Árið 1984 var farið í að grafa frá kirkjunni og hún „tjökkuð“ upp. Einnig var járnklæðning fjarlægð og kirkjan klædd með timbri. Gullfallegir gamlir gluggar fundust á háaloftinu. Voru nú smíðaðir eftir þeim nýir gluggar og settir í. Kirkjan var síðan bikuð og var hún gjörbreytt á eftir. „Sem betur fer voru allar ákvarðanir um útlit og framkvæmdir teknar af Herði og hans sérfræðingum, en það hafði verið samþykkt á aðalsafnaðarfundum áður en framkvæmdir hófust. Ég held að það hefði annars ekki orðið eining um svo mikla útlitsbreytingu, en í dag held ég að allir séu sáttir enda kirkjan mjög falleg.“

Framkvæmdunum við kirkjuna lauk árið 1988. Hún var endurvígð 16. október það ár. En framkvæmdum á kirkjustaðnum var þó ekki lokið og var áfram unnið að lagfæringum og breytingum á kirkjugarðinum, nýtt sáluhlið smíðað eftir ljósmynd frá Miðdal um 1920 og seinna var svo rafstengur lagður í kirkjugarðinn og kirkjan flóðlýst. „Árið 1991 var svo farið í að leita að grjóti til hleðslu í garðvegginn. Nægt hleðslugrjót fannst inni á fjalli. Rúmu ári síðar fór hópur vaskra sveina úr Menntaskólanum á Laugarvatni inn á Rótarsand að tína grjót í hleðsluna ásamt fleiri sjálfboðaliðum. Það var svo í apríl 1993 sem hafist var handa við grjóthleðsluna, en til verksins var fenginn aldraður Austfirðingur, Sveinn Einarsson hleðslumeistari.“

Sveinn stýrði svo verkinu og hlaðnir voru norður- og austurveggur fyrst, þá suðurveggur og svo vesturveggurinn hlaðinn lágri hleðslu undir girðingu. Tómas Tryggvason, sem hafði verið byggingameistari kirkjunnar, smíðaði líka nýtt sáluhlið, en Ólafur Jónasson renndi hnúðana ofan á það. Einnig voru helgur tekur upp og dúkur lagðar undir, garðurinn snyrtur og þökulagt eftir þörfum. Minnismerkjum var aftur komið fyrir, hverju á sinn stað, í kirkjugarðinum.



Framkvæmdir hafnar, verið að grafa frá kirkjunni og búið að rífa klæðninguna af.



Kvenfélagskonur í sjálfboðavinnu í kirkjunni árið 1988.



Hlöðnu gardarnir fóru illa í jarðskjálftunum árið 2000.



Miðdalur um 1920.



Kristján Ingi Gunnarsson hleðslumeistari við nýju veggina.

Ný lota í umhverfismálum

Þegar þarna var komið töldu heimamenn að framkvæmdum við garðinn væri lokið, en svo reyndist alls ekki vera. Að sögn Rannveigar leið aðeins ár þar til aftur var hafist handa. „Þegar ákveðið var að rífa úti-húsin í Miðdal árið 1995 leitaði ábúandinn til okkar og spurði hvort kirkjan myndi vilja koma eitthvað að umhverfismálunum þar. Við höfðum samband við Guðmund Rafn Sigurðsson sem þá var kominn til starfa hjá skipulagsnefnd kirkjugarða. Hann sá þarna strax gott tækifæri til umbóta varðandi aðkomu og bílastæði. Guðmundur fékk svo til liðs við sig Ragnhildi Skarphéðinsdóttur sem líka er landslagsarkitekt og útkoman er mjög góð.“

Skemmdir eftir jarðskjálfta

Garðurinn í Miðdal fór illa út úr jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 2000 og



Rannveig afhjúpar söguskiltið í nóvember sl. Ljós.: GRS.

hrundu hinir fallegu hleðsluveggir að stórum hluta. Sóknarnefndarformanninum féllust hendur þegar hún sá skemmdirnar. „En þá kom Guðmundur Rafn okkur til bjargar og réð Kristján Inga Gunnarsson hleðslumeistara frá Garðasteini til að endurhlaða skemmdu veggina. Kostnaður við viðgerðina var greiddur úr viðlagasjóði. Síðan var ákveðið að endurhlaða norðurvegginn líka þar sem öll ásýnd var önnur eftir að útihúsin höfðu verið rifin og lauk því verki í september sl.“

Messað var í tilefni verklokanna þann 3. nóvember sl. og við það tilefni afhjúpaði Rannveig upplýsingaskilti um Miðdalskirkju og umhverfi hennar sem stendur á steinlögðu torgi á gamla bæjarhólnum. „Þetta var stórkostlegur dagur og alveg yndislegt að sjá hvað kirkjan og umhverfi hennar er orðið fallet.“

Eins og teikning og myndir, sem greininni fylgja, sýna hefur kirkjustaðurinn í Miðdal gjörbreyst og er nú aðkoma öll og frágangur til fyrirmyndar. Margt merkilegra muna er að finna í kirkjunni, t.d. fimmstrendan predikunarstól frá 1840, smíðaðan af Ófeigi Jónssyni listamanni í Heiðarbæ, altaristöflu frá því um 1770 og aðra frá 1907. Kirkjan á líka danskan kaleik frá 1633 og patínu talda vera frá miðöldum.

Fjallað er um Miðdalskirkju í bókinni „Kirkjur Íslands, 3. bindi“ sem gefin er út af Þjóðminjasafninu, Biskupsstofu og Húsafríðunarnefnd ríkisins. Bókina prýða fallegar og vandáðar myndir af kirkjunni að

innan og utan sem og myndir af gripum og áhöldum. Fjallað er um sögu kirkjunar og byggingu og ættu allir sem áhuga hafa á staðnum að skoða bókina sem er hin glæsilegasta í alla staði.


Eiga athvarf í sveitinni

Rannveig, eða Bubba eins og hún er kölluð, hefur nú látið af störfum og flust til Reykjavíkur. Skyldi hún ekki sjá eftir sínum gömlu heimahögum? „Jú auðvitað, en við höfum nú ekki sagt skilið við svæðið þó við séum flutt. Við eigum yndislegt sumarhús þarna sem við sækjum mikið í. Svo förum við oft í heim-sóknir og stundum félagslífið fyrir austan eins og áður. Vináttan helst þó maður flytji á milli bæja.“ Hún segir vinnuna í

sóknarnefndinni hafa gefið sér mikið. „Þetta er afskaplega þakklátt starf og það gaf mér mikið. Það var mitt líf og yndi að sjá þetta þróast þarna og allir voru svo jákvæðir og áhugasamir. Við verðum áfram með annan fótinn fyrir austan,“ segir Rannveig. Hún vill að lokum þakka samstarfsfólki sínu öllu og þá sérstaklega Guðmundi Rafni Sigurðssyni sem hefur leyst úr svo ótalmörgum málum og sýnt staðnum og fólkinu mikla velvild og alúð. Með þeim orðum kveðjum við þessa hlýlegu og gestrisnu konu sem helgað hefur sig kirkjustaðnum í Miðdal.



Rannveig og Kristinn hafa komið sér vel fyrir í Reykjavík. Hér sitja þau í notalegri stofunni, en myndin fallet á veggnum fyrir ofan þau er eftir móður Rannveigar. Ljós.: HGG.



Skipulagsuppdráttur af Miðdal.



Kirkjustaðurinn í Miðdal sl. haust. Aðkoman og umhverfi allt orðið stórglæsilegt. Ljós.: GRS.



Kirkjan árið 1993 orðin hin glæsilegasta og gjörbreytt í útliti.

Gissur biskup sá er annar var biskup í Skálaholti lét reisa kirkju á Ketilvöllum í Laugardal í Árnassýslu og stóð hún þar lengi. Þar sér enn til kirkjugarðsins. Síðan var hún flutt að Miðdal og er þar síðan. Laugdælir segja þessa sögu um kirkjuflutninginn:

Fyrir austan bæinn í Miðdal er gil eitt með dimmum gljúfrum í er upp

dregur í fjallið. Þar bjó gýgur ein í helli í gljúfrinu og nam burt efnilegasta mann í Laugardal á jölanótt hverri. Báru þá Laugdælir vandkvæði sín upp fyrir biskupi í Skálaholti, en hann réði þeim til að flytja kirkjuna sem næst gilinu og hringja í sífellu allar jölanætur. Þetta var nú gjört og fældist þá gýgurin úr gilinu.

Sumir segja að gýgurin hafi þá flutt sig norður á fjöllin í skarð það sem Klukkuskarð heitir. En þá voru fluttar klukkur í skarðið og gýgurin fæld burtu þaðan með hringingum. Af því dregur skarðið nafn. Klukkuskarð er á vegi þeim sem liggur úr Laugardalnum norður að Skjaldbreið.

Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar.

ÚTFARARÞJÓNUSTAN
Stíðnað 1990
Persónuleg þjónusta
 Þjónusta við landsbyggðina
 Sími: 567 9110 & 803 8638
 www.utfarir.is utfarir@utn.is



Rinnar Geirardsson
 Stjórnstjóri

Sigurður Rúnarson
 Stjórnstjóri

Hjá **Rafteikningu hf** starfa sérfræðingar á öllum sviðum rafmagns-, hljóð- og lýsingarlausna.

Akureyrarkirkja - Askirkja - Bakkagerðskirkjugarður - Blönduóskirkjugarður - Borgarnesarkirkjugarður - Borgarnesarkirkja - Bústaðarkirkja - Breiðabólakirkja - Digranesarkirkja - Dömkirkjan - Grafarvogskirkja - Hafnararkirkja - Hallgrímskirkja - Hítalaugakirkja - Hjarðarholt í Dölum - Hóladómkirkja - Hólmannarkirkja - Hólmabergarkirkjugarður - Inni Hálmur - Hvalfjarðartrönd - Ísafjarðarkirkja - Kapellu Engidal - Kapellu Jóns Steingrímssonar Kirkjubæjarklaustri - Kálffjarmsarkirkja Vatnaleyströnd - Kirkjugarður Reykjavíkur - Kristskirkja - Landakirkjugarður - Landakotskirkja - Laufás - Laugarnesarkirkja - Mosfell - Grímsnesi - Neaskirkja - Reykhótskirkja - Sauðárkrúkskirkja - Seljakirkja - Sæbergarkirkjugarður - Grundarfelli - Skafti - Stykkishólmskirkja - Víðalmirkja - Þingeyrarkirkja - Þykkvabæjarkirkja ...

RAFTEIKNING HF
 RÁÐGAFINGVIRKISDEIÐI
 CONSULTING ENGINEERS
 Sími 520 1700 - www.rafteikning.is



gardur.is

Látið minninguna lifa um ókomna tíð á gardur.is!
 Upplýsingar í síma 585 2700 eða hjá útfararstjórum.

PUMA
fjór hjól

Útbúnaður:

- fjórgengis mótör 10kw.
- rafstart
- 5 girar áfram og einn afturbak
- dekk framán 22x7-10
- dekk aftan 22x10-10
- bögglauber framán og aftan
- stuðaragrind að framán

NÝTT



VÉLAVERÐ

Lág múli 7 Reykjavík Sími: 588 2600 • Akureyri Sími 461 4007 • www.velaver.is

Norræn ráðstefna í Reykjavík árið 2005

Fyrirhugað er að halda norræna ráðstefnu um málefni kirkjugarða í Reykjavík í ágúst árið 2005. Ráðstefnan var síðast haldin í Finnlandi og fóru fulltrúar frá Íslandi þangað eins og greint var frá í síðasta tölublaði Bautasteins.

Undirbúningur að ráðstefnunni hófst þegar að ráðstefnunni í Finnlandi lokinni og farið var í að taka frá hótélbergi og ráðstefnusali. Sérstök nefnd var skipuð til að annast frumskipulag og ráða ráðstefnuhaldara. Ráðstefnur sem þessar eru afar áhugaverðar og gagnlegar, enda sækja þær stjórnendur kirkjugarða, garðyrkjufraeðingar, landslagsarkitektar, sölumenn, sem og framleiðendur tækja og áhalda til notkunar í kirkjugörðum.

Búið er við að 4-500 manns sækja ráðstefnuna í Reykjavík og líklega munu drög að dagskrá liggja fyrir þegar næsta tölublað Bautasteins kemur út. Stjórn NFKK (Nordisk Forbund for Kirkegårder og Krematorier) kemur til landsins 23. apríl nk., en sú stjórn ákvarðar endanlega allt er lýtur að dagskrá og framkvæmd ráðstefnunnar. Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri KGRP, er fulltrúi Íslands í stjórninni. Einnig verða haldnir fundir í norrænum nefndum, annars vegar í nefnd sem hefur með málefni kirkjugarða að gera og á Þórsteinn sæti í henni fyrir hönd Íslands og hins vegar í nefnd sem hefur með málefni bálstofa að gera, en þar á Sigurjón Jónasson, rekstrarstjóri KGRP sæti.

LEGSTEINAR

Í rúmgóðum sýningarsölum okkar eigum við ávallt fyrirleggjandi margar gerðir legsteina og minnisvarða.

Hvergi meira úrval.

Yfir 45 ára reynsla.

Verið velkomin til okkar, eða fáði myndalista.



S. HELGASON HF
STEINSMÍÐJA

45 ára

SKEMMUVEGI 48, 200 KÓP.,
 SÍMI: 557-6677/FAX: 557-8410

Takk fyrir okkur...



Hjarðarholt í Dölum



Fossvogskirkja í Reykjavík



Kolfreyjustaðir við Fáskrúðsfjörð

Við þökkum kirkjum og söfnuðum viðsvegar um landið fyrir gott samstarf.



GH Ljós
 Garðatorgi 7
 210 Garðabæ
 Sími 5656500
 Fax 5656160
 gh@gh.is
 www.gh.is



Tillaga að verðlaunaverkinu „Hlið“ eftir Rúrí.

Listaverk eftir Rúrí reist í Gufuneskirkjugarði

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma efndu árið 2001 til samkeppni um gerð minnisvarða um horfna. Eftir vandlega skoðun ákvað KGPR að velja þrjá myndlistarmenn til að gera tillögur að minnisvarða og fyrir valinu urðu myndlistarmennirnir Helgi Gíslason, Sigurður Guðmundsson og Rúrí. Dómnefnd samkeppninnar skipuðu Björn Th. Björnsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Steinunn Þórarinsdóttir.

Verk Rúriar, sem hún kallar „Hlið“, var valið í samkeppninni, en það er í senn hlið og opinn skáli sem stendur í miðju steinstéttar. Stéttin er í formi völuharðs og snúa hvor tveggja eftir höfuðáttum. Hugmyndin er að verkið myndi stílhreina og látalesa heild og miðli tilfinningu fyrir styrk og jafnvægi og stuðli þannig að því að skapa fallega og kyrrláta umgjörð um minningu hinna týndu.

Völuharður, krossgötur og hlið milli vídda

Rúrí segir erfitt að útskýra hvernig hugmyndin að verkinu hafi orðið til en hún var stödd í Kína þegar boð um þátttöku í samkeppninni barst. „Ég hafði ekki mikinn tíma til að vinna tillöguna, en þessi hugmynd sótti á mig. Völuharður hefur margs konar táknræna merkingu



Rúrí á vinnustofu sinni með sýnishorn af kínverska granítinu og handsmíðaðan kínverskan hamar sem notaður er til að hamra steininn. Ljós.: HGG.

fyrir innri leit mannsins, t.d. leitina til upprunans, þ.e. skaparans og það á vel við í þessu samhengi. Það táknar líka leitina og leiðina til aukins þroska, en hann er undirstaða þess að menn nái sambandi við það guðlega og hið upprunalega.“

Munstrið sem stuðst er við í stéttinni er ævafornt og var m.a. notað í evrópskum kirkjum á miðöldum. Verkið er úr graníti sem er flutt frá Kína, en meðfram minnis-

varðanum verða svo settir upp slípaðir steinar sem á verða letuð nöfn hinna týndu.

Raflýsing verður í verkinu sem mun mynda ljóssúlu er lýsir upp í gegnum þakið og einnig út til hliðanna og segir Rúrí ljósið vísa óbeint til vita. „Skálinn getur verið allt í senn, hlið á leið vegfaranda, hlið á milli tilvistarviða eða vídda og nokkurs konar opin kapella, en í miðju skálans stendur lítill steinstallur eða altari. Verkið vísar einnig óbeint til sæluhúsa á heiðum, skipbrotsmannaskýla og vita. Þá má segja að verkið minni á margan hátt á krossgötum, en við lendum öll á krossgötum einhverntíma í lífinu og þurfum stöðugt að velja.“

Langt komið

Verkið er um 13 m að þvermáli og rúmíri þrjú metrar að hæð og verður reist í sérstökum reit í Gufuneskirkjugarði í Grafarvogi. Ætlunin er að koma þar fyrir bekkjum um svo fólk geti tyllt sér niður og átt kyrrláta stund við minnisvarðann. Gert er ráð fyrir að hægt verði að setja afskorin blóm við nöfn hinna týndu, en ekki er gert ráð fyrir kertaljósum, heldur verður raflýsing í kringum stéttina. Verkið er langt komið í vinnslu og er stefnt að því að reisa það í sumar.

Ferðast um tímann

-Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu

Þjóðminjasafn Íslands og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) gerðu með sér samning sumarið 2000 um skráningu minningarmarka eldri en 100 ára í Hólavallagarði, kirkjugarðinum við Suðurgötu og kostuðu KGRP framkvæmdina. Mörg þessara minningarmarka lágu undir skemmdum, en öll manna verk sem eru eldri en eitt hundráð ára teljast samkvæmt Þjóðminjalögum til fornleifa.

Skráningin mikilvæg

Gunnar Bollason, sem þá starfaði hjá Þjóðminjasafninu, hóf verkið og segir það hafa verið mjög mikilvægt að hefja skráninguna í garðinum vegna hins mikla fjölda minningarmarka sem þar er að finna. „Þarna eru flestar gerðir minningarmarka sem reist voru á 19. öld og eru formgerðir þeirra fjölmargar. Járnkrossar úr steypujárni eru algengir, t.d. er þar stærsti járnkross sem ég hef rekist á í kirkjugörðum landsins, settur yfir frú Guðrúnu Oddsdóttur sem var fyrst allra grafin í garðinum árið 1838 og kallast því vökumaður hans. Svo eru einnig einkennandi fyrir garðinn háir legsteinar úr Reykjavíkurgrágrýti og þar er líka að finna svokallaða púltsteina sem eru þríhyrdir steinar með plötu úr marmara eða graníti á framhliðinni, auk fjölda annarra gerða yngri minningarmarka.“



Úr kirkjugarðinum við Suðurgötu. Mynd: Fornleifavernd ríkisins/Gunnar Bollason

Skráningarverkinu var skipt í þrjá hluta, þ.e. fyrst skyldu elstu minningarmörkin skráð, þá 35 önnur yngri sem talin voru sérstök að einhverju leyti og að lokum var gerð skýrsla. Við skráninguna var horft til fjölmargra atriða, s.s. hvernir gerðar minningarmarkið væri, úr hvaða efni, yfirborðsaferð lýst og áletrun skráð. Getið var um ástand þess og það mælt nákvæmlega upp. Einnig var hvert minningarmark ljósmyndað. Gunnar segir skráningunni hafa verið lokið á aðventu árið 2000 og hófst þá úrvinnsla gagna

sem síðan var birt í skýrslunni „Hólavallagarður, kirkjugarðurinn við Suðurgötu: Skráning og rannsókn minningarmarka“ sem kom út í röð rannsóknarskýrslna Þjóðminjasafns árið 2002.

Skýrslan leiðir í ljós að ástand minningarmarkanna er á heildina litíð nokkuð gott, þó sum þeirra þurfi mikilla lagfæringa við. Helsta verkefnið er að hreinsa steinana og huga að forvörslu á pottjárnskrossunum. Einnig eru grindverk úr steypujárni oft illa farin, en minjarnar úr steypujárninu eru með þeim merkari í garðinum og hefur KGRP gert mikið átak undanfarið í að lagfæra pottjárnswerkin.

Gönguferðir og fræðsla

Gunnar segist hafa kynnst garðinum vel við þessa vinnu og hann hafi snemma gert sér grein fyrir því hversu merkilegur garðurinn er. „Ég hef stundum sagt að gönguferð á milli minningarmarkanna sé eins og að ferðast um tímann. Fólk kynnist bæði stefnum í arkitektúr, list- og táknafræði, persónusögu sem og ættfræði. Garðurinn er auk þess einstaklega gróinn og plöntutegundir á annað hundráð.“ Þegar skráningunni lauk kviknaði áhugi hjá KGRP og Þjóðminjasafninu á því að efnna til göngu um garðinn fyrir almennig og leiddi Gunnar nokkrar slíkar árið 2001. Áhugi borgarbúa var mikill og mættu t.d. 80 manns í fyrstu gönguna.

Með nýjum Þjóðminjalögum frá 2001 færðust þessi verkefni, og Gunnar með, til nýrrar stofnunar sem heitir Fornleifavernd ríkisins. Sú stofnun tók að sér að flokka öll minningarmörk í garðinum eftir minjagildi og er nú unnið að því verkefni sem er mjög umfangsmikið og tengist deiliskipulagi garðsins sem nú er verið að vinna að.

Þá ætla KGRP að koma upp skiltum í garðinum með fræðslu fyrir vegfarendur, auk þess sem unnið er að hellulagningu göngustíga sem gerir garðinn opnari og skemmtilegri fyrir gesti. „Til stendur að efnna til fleiri gönguferða um garðinn því kynning og aukin þekking á garðinum er lykillinn að því að borgarbúar kynnist betur þessari perlu í miðborginni eins og ég kys að kalla garðinn,“ segir Gunnar að lokum.

Lucinduvarðinn á Spákonufelli

eftir Björn Th. Björnsson



Björn Th. Björnsson.

Á bak við hvern legstein í kirkjugarði býr saga, oftast sem betur fer um ríkulega ævi og verðskuldada hvíld. Framan á steininum fræðumst við ekki nema um nafn og endamörk þeirrar vegferðar. En síðan eru aðrir legsteinar sem geyma á bak við sig aðra og myrkari sögu. Til þess að lesa hana verður oft að fara í langan sveig og lesa í annað letur en það sem í steinninn er höggið.

Í kirkjugarðinum á Spákonufelli á Skagaströnd stendur einn slíkur steinn, mikið hagleiksverk sérkennilegs steinsmiðs, en um leið minnisvarði sorgarviðburða sem ástín og dauðinn ortu saman í þetta angurljóð.

Pennan miðsumardag, 24. júní árið 1869, var hjart yfir Skagaströnd með blíðviðri að sunnan. Út úr hvítmáluðu íbúðarhúsinu á Hólanesi gekk faktorinn ungi, Tómas Thomsen, og í sama mund og hann sá til póstkipsins Rakelar sveigja inn á leguna, dró hann stóra rauðhvíta fánann í heila stöng. Síðan gekk hann hægunum skrefum stíginn niður í plássíð.

Þegar skipið var komið nærri undir Höfðann pípti það og sendi mjóan og fallegan gufustrók beint upp í lognið. Tómt húskonurnar, tvær og tvær saman með sjölin þétt að sér, leiddust niður á kambinn að gá til tíðinda. Þangað söfnuðust líka unglíngarnir, miklu fleiri en nokkur hefði trúað að til væru í plássinu.

Fremstur á kambinum stóð faktorinn ungi, Tómas Thomsen, orðinn talsverður um sig og klæddur í velsniðin fót úr enskum ormeldúk með spælum. Þegar menn óðu út á móti bátnum, báru þeir fyrst í land roska konu sem hljóðskrafið hafði óðara fyrir satt að væri frú Anna Thomsen, móðir faktorsins unga, en síðan voru bornar í land, og hvor í sínu lagi, tvær dáindis prúðlegar meyjar, dætur frúarinnar og systur faktorsins. Sá sem bar þá yngri og fegurri, Lucindu, var dugandis sjómaður, Lárus að nafni, og þar sem smíði viðurnefna var plásslæg íþrótt, var Lárus þessi varla búinn að skila frókeninni

Lucindu á þurra jörð fyrr en hann var búinn að fá viðurnefnið, Lalli Lúcífer.

Allir horfðu á hvernig Tómas Thomsen kyssti móður sína og systur, en leiddi þær síðan við arminn um malartröðninginn í áttina að tjörguðu sloti sínu og rauðhvítum fánanum. Jæja, þá var þessari fyrirstillingu lokið, og flestir gátu farið heim í soðninguna sína, þeir sem þannig bjuggu eftir þetta langa fiskleysivor.

Undir kvöldið þessa sama dags var efnt til mikils fagnaðargildis á Hólanesi. Stúlkur voru fengnar að til frammistöðu og öllu því bezta til tjaldað. Danskt porselín var lagt á borð, með fléttum úr blóðbergi milli diska og bæheimsk vínglós faguð. Það stóðst nokkuð á, að þær systurnar voru að koma sér í nýju frönsku kjólana og ljúka við að binda á sig pólonésuna undir mjóhryggnum aftan, þegar fyrstu gestina dreif að. Fyrstur kom Jóhann G. Möller, með fina handkossa og fótaskrap, en síðan Hillebrandtsbræður, Friðrik og Konráð. Friðrik Hillebrandt var klæddur í gullsnúradan liðsforingjabúninginn með vaxborið yfirvararskeggið, hávaxinn en krangalegur og alræmdur fyrir drykkjuskap sinn og spilafíkn. Nær daglega reið hann út um sveitir, helst til embættismanna og stórbænda og dvaldist þar daglangt og náttlangt við toddý og peningaspil. Konráð bróðir hans var miklu yngri, hlédrægur og feimnislegur piltur með mikinn hárlubba. Tómas Thomsen leiddi fram systur sínar og kynnti þær með nöfnum og aldri. -Þessi er fróken Alvilda, tvítug, ógefin og mikil hannvirðukona, og þessi er Lucinda, árinu yngri, forfrömuð í London og París og talar þær tungur sem innfædd. Víst var hún mikið lagleg og finleg um sig, en nokkurt stærilæti leyndi sér ekki þegar hún tók orðið af bróður sínum og kynnti sig sjálf: -Lucinda Augusta Josepha Thomsen, og með þeirri unaðsrödd sem hunang drypi.

Þó ekki væri farið í opinberan feluleik eftir matinn þetta veizlukvöld, hurfu sumir grunsamlega oft og gáfu sig loks aftur í ljós í enn grunsamlegra ástandi. Pólonésan á Alvildu var komin niðurfyrir rass, og Jóhann Möller kominn úr stélfrakkanum, ef ekki fleiru, bæði rauð og sveitt. Liðsforinginn Hillebrandt með sínar galliónur tók ekki þátt í hvarfleiknum, heldur stóð uppi við þilið á öðrum fæti með fagurðis-

ina Lucindu afkróada milli langra handleggjanna. Þegar slíku fór lengra fram, tók frúin Anna að verða uggandi um orðspor og markaðsgengi dætra sinna, kallaði á Tómas son sinn og sagði að nú væri tími til þess að hætta slíku siðleysi. Þrátt fyrir kvíða frú Önnu, var þetta samt ekki nema forleikur gleðilegri tíðinda, þegar hér, í þessari stofu á Hólanesi, voru gefin saman í heilagan hjúskap þau Alvilda og Jóhann Möller. Sú leynilega en síðan opinbera trúlofun gerði samt ekki annað en espa upp krangalega stríðshetjuna með gylltu galliónurnar, sem sótti nú að meynni Lucindu sem einn breima högni, að morgni, degi og nóttu, svo frú Anna sá sér ekki annað fært en að taka upp tjöld sín og láta flytja sig og sína inn að Ytri-Ey, til sveitarhöfðingjans og bróður síns, Jens Adser Knudsens, og tók piltinn Konráð með sér.

Nú var það svo að útlenzkrur stríðsmaður, þó aldrei hefði í stríð komið, með rauðum röndum á bláum buxnaskálmum og gylltum snúrum um brjóst og axlir, auk sverðs og korða við belti, sætti þó nokkrum tíðindum í grámósku íslenzkrar sveitar á 19. öld. Og þar sem meyr er meyrarhugur, en að auk offiserar í rómantískum skáldsögum þeirra systra, kallaði Lucinda Josepha heldur ekki á neina mannhjálpar þegar ástarheitum lautinantinn tókst að klofa yfir allar fyrirstöður og breima sinn ástarsöng við barm og eyru sinnar eftirþreyðu. Nú átti Friðrik Hillebrandt orðið talsvert undir sér, umráðandi alls Hólaness með húsum og höndlun í fullu umboði réttis eiganda, Friðriks eldri stórkaupmanns, föður síns, í Kaupmannahöfn. Tómasi Thomsen, bróður Lucindu, gazt lítt að samdrætti hennar og þessa spilagosa og monthana, sagði upp starfi sínu við Hólanesverzlun og flúði með móður sína og Lucindu vestur til Borðeyrar til þess að taka þar við nýrri verzlun og forða systur sinni háska frá.

Konráð ungi Hillebrandt varð ákaflega einmana eftir að Lucinda var farin. Þau voru orðnir miklir mátar og reyndar innilegir vinir, enda á líkustum aldri allra heima á Ytri-Ey. Húsbóndinn, Jens Knudsen, sá hvað drengnum leið, tók hann mjög til sín og gekk honum allt að því í föðurstað, en föður hafði Konráð í raun aldrei átt, í öllum hinum miklu við-

skiptaumsvífum Frederiks eldra Hillebrandt heima í Kaupmannahöfn. Hvort sem nú heldur var, út af linkind holdsins eða leiða hjartans á þessari flötu sandeyri við Hrutafjörð, þá var Lucinda brátt komin aftur á sínar fyrri slóðir og það meira að segja á Hólanes til sjálfs biðilsins, Friðriks Hillebrandts. Ekki líður heldur á löngu þar til þau innsigla sambúð sína. Ekki var það í kirkju, heldur með nokkuð leynilegum hætti, í stofunni á Ytri-Ey og aldeilis án boðsgesta eða annars tilstands. Svo klukkunni sé enn nokkuð flýtt, leið heldur ekki á löngu þar til Lucinda Hillebrandt gekk kona ekki ein saman. En í stað þess að þreyja þunga sinn, lagðist hún í rúmið og reis ekki upp næstu níu tungl. Vafalaust hefur frú Anna móðir hennar vitað það, ef ekki aðrir, að nokkrum árum áður var hún skorin upp við krabbameini í brjósti, djúptækum og erfiðum skurði og brýnt fyrir henni að varast þungun og barnsburð. Fyrir því lá hún nú í sálarkvöl og kvíða heima á Hólanesi, en hitt var almannarómur, að liðsforinginn Friðrik Hillebrandt væri orðinn allt annar og nýr maður, í hófsemd og umhyggju sinni.

Sveitarhöfðinginn Jens Adser Knudsen varð bráðkvaddur á sextugasta afmælisdegi sínum, og missti Konráð ungi Hillebrandt þar sína styrkustu stoð og bezta athvarf í lífinu. Þegar útför Jens Knudsens var gerð með mikilli viðhöfn frá Höskuldastaðakirkju, var fyrirmönnum víða um hérað boðið til hennar og erfiðsins á Ytri-Ey, öllum að kalla nema Konráði. Tók hann það ákaflega nærri sér og fannst hann nú alger og svikinn einmani. Að vísu fór hann óboðinn til jarðarfararinnar. Á heimleið kom hann ekki við í erfiveizluna á Ytri-Ey, heldur reið beint á Hólanes og fór upp í herbergi sitt á pakkhúslöftinu, þar sem vinnumenn verzlunarinnar voru hýstir um kaupþiðna. Þar opnaði hann forláta kassa úr dýrum víði sem faðir hans hafði gefið honum í skilnaðargjöf við Íslandsferðina. Kassi þessi var föðuraður að innan með silki og í honum grópir fyrir skammbýssu með perlumóðurskel á

skeftinu, hann dró upp gikkinn og skaut sig. Sá var krafturinn á kúlunni, að hún staðnæmdist ekki í innylum eiganda síns, heldur æddi áfram í gegnum næfurþunn þilið og í gegnum aflvöðvann á kálfa Magnúsar Sveinssonar frá Síðu sem sat þar á rúmstokki sínum og tætti hann upp. Þótt málshátturinn segi að fæstum verði slys að happi, má efa þá speki þar sem Magnús Sveinsson átti í hlut. Eftir að fótur hans var reifaður og hann fékk hækjuna, tók við nýtt og ánægjulegt skeið í ævi hans. Þegar hann gat staulast ofan og inn í íbúðarhúsið, sat hann löngum stundum við rúm Lucindu og las upphátt fyrir hana úr nýjum bókum, Pilti og stúlku og Manni



Lucindu-varðinn á Spákonufelli, smíðaður af Sverri Runólfssyni.

Ljós.: Magnús Reynir Jónsson.

og konu, en haltraði um einfættur á hækjunni eftir hverju einu sem Lucindu vanhagaði um, drykk eða mat eða handklæðum, og var henni til hugarhægðar í viturlegum og huggunarríkum orðum.

Þeir voru fjórir saman í stofunni um miðdegisbilið þann 20. janúar þegar Lucinda rak upp angistaróp og öllum varð ljóst að hríðirnar væru byrjaðar. Mennirnir voru þeir Hillebrandt, Magnús Sveinsson, Fritz Berndsen kaupmaður á Karlsminni og ungur maður, Lárus að nafni sem var til ýmissa vika við Hólaneshöndlun. -Það verður að sækja lækni strax, hrópaði Friðrik Hillebrandt. -Ja, það er nú bara það, svaraði Fritz Hendrik, sá mikli og góði læknir, Sigurður Pálsson, sat heima hjá mér við spilin í nótt, en nú er hann horfinn heim til sín, austur á Sauðárkrók. -Þá verður þú, Lárus, að hlaupa eftir ljósmóðurinni, hvað hún nú aftur heitir; -Hún Franziska Plaften er farin í

fússi til síns heima. Þegar þingið samþykkti yfirsetukvennalögin í fyrri, um að engin mætti sinna ljósmóðurstörfum nema vera „yfirheyrd“, fannst henni mjög að sér vegið, sem væri sjálf fullnuma hjúkrunarkona og ljósmóðir frá einum virtasta skóla í sínu heimalandi. Hún fór með síðustu ferðinni hans Ceres. -Hvað þá? hrópaði Hillebrandt. -Einhvern kvenmann verðum við að fá; Við getum ekkert gagn gert. Magnús Sveinsson lagði til að þeir flyttu Lucindu í rúmið í Austurherberginu. Þar væri rýmra aðkomu til allra verka. Skyndilega mundi Fritz Berndsen eftir stóru konunni í Pálsbæ sem bjargaði lífi hans eftir villuna í hríðinni, vísaði drengnum Jóhannesi í áttina að kotinu og skipaði honum að sækja hana. Loksins kom hann með þessa stóru og voldugu konu sem leit á Lucindu, en heimtaði þegar af körlunum heitt vatn í bala, sápu og handþerru. Allir fóru þeir að leita, inn um eldhús, geymslu og búr, en fundu alls enga sápu. -Komið þá með helvízka tólgina, hrópaði konan, en engin tólg fannst heldur. Þá rak hún alla út, en sagðist vilja hafa

piltinn hjá sér til aðstoðar. Allan daginn og fram á nótt hímdu þeir úti í krambúðinni, tvístigandi og órólegir, fengu sér sopa við nervunum, en enga ró var samt að finna. Um miðnættið þoldi Magnús Sveinsson ekki lengur við, tók hækju sína og brólti út í húsið. Þar var aðkoman sú, að konan stóra var horfin, Lucinda dáin, en Jóhannes sat með stranga í fanginu og sagði að enn væri lífsmark með drengnum. Seint og um síðir komu hinir tveir og fengu þessar sorgarfregnir framan í sig. Magnús sagðist hafa lesið fororðninguna um neyðarskírni og kynni hana. Við eitt kertaljós yfir líkinu skírði hann drenginn og að vilja föðursins gaf hann barninu eitt af nöfnum móðurinnar, August. Fleira verður ekki hér rakið frá þeirri sorgarnótt, milli daganna 20. og 21. janúar árið 1877.

Í JURTAGARÐI HERRANS

Ekki getur friðsælli eða unaðslegri reit á byggðu bóli en gróinn kirkjugarð eða „jurtagarð Herrans“ eins og Hallgrímur nefnir hann í útfararsálmí sínum, og þá einkum sólarvegin við kirkjuna á björtu og hlýju sumri.

Nokkru fyrr þetta sama sumar mátti sjá lítið tjald á sléttum bletti milli leiða sunnanvert við Spákonufellskirkju. Fyrir utan það sat þreklegur maður á litlum þrífæti með segldúk í setu og hafði upp háan, flatan og tilhöggvinn stein milli hnjóanna. Maðurinn var enginn annar en sá víðfrægi steinsmiður Sverrir Runólfsson, nýkominn frá því mikla verki, að hlaða upp veggi Þingeyrakirkjunnar nýju úr höggnum grjóti. Fram á næsta leiðid lá félagi hans fram á lappir sínar og horfði aðáunaraugum á mikilmennið, húsbónda sinn. Sá hét Magnús berfættur, svartur á feldinn og afar stór, en með ljósar eða gulleitar lappir. Sverrir Runólfsson hafði engu glatað af útilegumannatrú bernsku sinnar, enda hafði hann auglýst eftir ungum og óeigum mönnum til að fylgja sér inn í óbyggðir landsins og fara með stríði á hendur þessari hálfmennsku þursapjóð sem rændi og át feitustu sauðina frá bændum landsins, en drap erindamenn á ferðum sínum, og það jafnvel á vegum biskupa eða annarra höfðingja. Þegar hann brýndi nauðsyn slíkar herfarar fyrir þeim berfættu og hófst mjög upp í svip og rómi, þá sleikti Mangi út um, því þá vissi hann að nú færi húsbóndinn að fá sér slurk og sjálfum honum góðan bita til samlætis.

Ekki leyndi sér þrekið þegar steinhöggarinn stóð upp af þrífætinum, hóf stóra steinhelluna upp á bringu og lagði hana flata á nálægt leiði, þar sem hann ætlaði að höggva í hana letrið.

Meistarinn lá á bakinu inni í tjaldinu, eins langt og það tók, en Magnús til fóta og með trýnið sívökult út um tjaldskörina. Eftir hænublund reis meistarinn á fætur og fálmaði um sig. -Hvar í fjandanum er breiði blýanturinn minn og blaðmiðinn? Magnús sneri að honum hausnum og blíndi vinstra megin við öxl hans. Þá þreifaði húsbóndinn ofan í vestisvasann og dró upp hvortveggja, rauðan smiðsblýantinn og samanbrotna blaðið. -Já, Mangi minn, alltaf hefur þú á réttu að standa. En komum okkur nú að verki. Enn leitaði meistarinn eftir papparáemunni sem hann notaði fyrir reglustiku og var með réttum 90 gráða skurði til endanna. Með hana, blýant og blaðmiðann settist hann á spegilfagaðan steininn og dró fínlega línu yfir um þvert, en byrjaði síðan að marka stafina:

LUCINDA
AUGUSTA JOSEPHA
HILLEBRANDT
FÖDT - THOMSEN
F. 16. AUG. 1852 D. 20. JANR. 1877
AUGUST HILLEBRANDT
F. 20. JANR. D. 21. JANR. 1877

-Nú verð ég víst að finna sjónarkverið mitt, því eitthvert verður að vera á þessu krúsið, Mangi minn. Rétt í því sem meistarinn ætlaði inn í tjaldið eftir uppdráttarkverinu, rak Magnús upp glaðlegt spangól. Já, það var ekki um að villast: Kaupmaðurinn sveigði hestum sínum upp að sáluhlíðinu og kom stórstigur með vænan poka yfir um leiðin. -Jæja nú, gudda, herra Hildibrandur, mælti Sverrir. Hvernig gengur nú að rýja fátæklingana? -Helvítis úsla fátæklingerne á ekki lengur ein króna, svaraði sá mektugi. En hér er próviantinn handa ykkur báðum. Með þeim orðum tók hann í siggróna krumluna á Sverri Runólfssyni, sem kreisti fast, og lagði pokann við tjaldskörina. Magnús berfættur flýtti sér til

þess að rannsaka innihald pokans með glaðlegum nösum, gaf frá sér ánægjulegt bofs og lagðist með framlappirnar ofan á fenginn. -Nú fer ég að meitla letrið og dálítið ris fyrir ofan það, og upp úr helginni verðum við Mangi minn tilbúnir að sigla. En þá eigum við eftir að gera upp, Brandur minn karlinn.

Helgi þeirra félaga í tjaldinu varð ein samfelld veizla, nema hvað Magnúsi var sýnilega ekkert vel við klukknaðsláttinn á sunnudagsmorguninn, enda alinn upp í rammri heiðni en ekki postullegru trú.

Á mánudagsmorguninn, þegar verulega var farið að lækka í seinni pyttunni Sverris og Magnús var kominn inn að beini á lærinu góða, komu þeir menn frá Hólanesi til þess að hlaða og tyrfa upp leiðið, en hjálpuðu steinsmiðnum loks að koma fullhöggnum legsteininum og varðsteininum á sinn rétta stað. Allir dáðu þeir handaverk Sverris og sögðu engan mann á landinu ráða við slíka smið nema hann einan.

Helför Sverris og Magnúss berfættis

Um hádegisbilið á tíunda degi mánaðarins felldu þeir tjaldið og undu það í göndul upp á stengurnar, en gengu síðan rösklega niður í þorpið, að uppsátunum. Þar lá bátur Sverris, skekta eða lítið tveggja manna far, spölkorn uppi í sandinum. Ekki vildi ógnvaldur öræfanna litillækka sig með því að biðja nokkurn mann um að setja fram með sér, en gerði það einn og sjálfur. Þegar skektan kenndi vatns, fór hann um borð og stakk mastrinu niður um gatið á fremri þóftunni, lagaði seglgopann til á ránni og sagði forvitnum nærstöddum að hann ætlaði að sigla sveiginn fyrir Flóann, til Sigurðar Sverrissonar frænda síns, sýslumanns í Bæ í Hrútafirði.

Til er frásögn sjónarvotta um það sem næst gerðist:

„Þegar Sverrir steig upp í bátinn til brottferðar, lúpaðist hundurinn og vildi ekki fara upp í hjá honum. Sverrir leit fast á hann og spurði af mikilli alvöru: -Eigum við þá að skiljast hérna, Mangi? Það stóðst seppi ekki og skreið upp í, þó nauðugur væri.“ (M. Bj.: H.H. 242, neðanmáls).

Aldrei komu þeir félagar síðan lifandi fram, en hundinn og bátsflakið rak upp á Vatnsnesinu. En minning steinsmiðsins frá bæra, Sverris Runólfssonar, lifir enn í verkum hans, steinhlöðnum byggingum, höggnum minningarmörkum, svo sem hörpu-



Ljóm.: Magnús Reynir Jónsson.

steininum yfir Sigurði Breiðfjörð skáldi í Hólavallagarði og varðanum tignarlega yfir meyna Lucindu í Spákonufellsgarði.

*Á stöku stað í undanfarinni frásögn er gripið til óþreptaðrar skáldsögu höfundarins um náskyld efni.

Garðyrkjan rímar vel við myndlistina

Karl Jóhann Jónsson hélt nýlega athyglisverða sýningu á portrettmálverkum í Hafnarborg í Hafnarfirði. Karl Jóhann er menntaður myndlistarmaður, en á námsárunum starfaði hann hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur á sumrin og líkaði vel. Svo fór því að hann ílengdist í starfinu og hefur nú starfað við garðyrkju hjá kirkjugörðunum í tíu ár. Hann segir ýmsar ástæður fyrir því að hann hafi slegið framhaldsnámi á frest, en fyrst og fremst hafi honum líkað starfið afskaplega vel. „Garðyrkjustarfið rímar vel við myndlistina og hjá görðunum vinnur líka margt sómafólk sem ég lít á sem vini mína. Þetta er ákaflega persónulegur og mannvænn vinnustaður og hér er gott að vera,“ segir Karl Jóhann.



Ásdís Halla Bragadóttir, bæjarstjóri í Garðabæ.

Hann segir áhuga sinn á portrettmýndum hafa verið meðfæddan því þegar hann var strákur teiknaði hann mannsandlit á meðan aðrir guttar teiknuðu bíla. „Eftir að ég lauk námi hefur myndlistin þróast frá því að vera algerlega abstrakt yfir í það að nálgast mikið raunsæi. Ég hef yfirleitt átt auðvelt með að ná svip af fólki og hef fengist við að mála portrett í aðra röndina. Starf mitt við garðyrkjuna hefur hins vegar víkkað áhugasvið mitt og tré þykja mér



Karl, bifvélavirki kirkjugarðanna með framandlegan vélarhlut.



Sjálfsmynd af listamanninum með nýfædda dóttur sína.



Portrett af reynitré.

mjög áhugaverð, litur þeirra, áferð og vaxtarlag. Einnig finnst mér eitthvað fallegt við þá hugmynd að tré sem vaxa í kirkjugarði séu eins konar táknmynd þeirra sem í garðinum hvíla, jafnvel umbreytt portrett. Engin tvö tré eru eins og bera með sér ólíka „karakter“ en það er einmitt „karakterinn“ eða þetta einstaka sem ég vil fanga,“ segir þessi hæfileikaríki listamaður að lokum og eins og myndirnar hans sýna er hægt að mála

jafnt portrett af tré sem af manneskju og „karakterinn“ skín í gegn.



Eiríkur Smith, listmálari.

Hönnun tekur mið af erfiðum aðstæðum

Hólmsbergskirkjugarður í Keflavík var tekinn í notkun árið 1975 og hefur frá þeim tíma þjónað Keflavíkursókn. Hann gengur jafnan undir nafninu „ný kirkjugarðurinn“ þrátt fyrir að nálgast þrjátíu ára notkun, en skýringin er sú að eldri garður frá því um 1900 stendur við Aðalgötu í Keflavík. Enn er jarðað í frátekin legstæði í gamla garðinum auk þess sem gert er ráð fyrir duftreit þar.

Nægt rými

Hólmsbergsgarður stendur á Hólmsbergi eins og nafnið gefur til kynna og er hannaður af Reyni Vilhjálmssyni. Við hönnun hans hefur verið tekið nokkurt mið af staðsetningunni sem er skjóllítill og nálægt sjó. Erfiðlega hefur gengið að halda við gróðri í garðinum, en í samvinnu við Skógræktarstöðina á Mógilsá tókst fyrir nokkrum árum að finna ýmsar harðgerar víðis- tegundir sem hafa þrífist ágætlega í garðinum. Skjólgóðar manir hlífa garðinum úr öllum áttum, en hann er samsettur úr ferhyrindum reitum, öllum af sömu stærð og gerð. Fjórir reitir eru í notkun núna, auk þess sem stefnt er að því að taka tvo reiti til notkunar á næstunni. Alls er þó gert ráð fyrir 22 slíkum reitum í garðinum og því ljóst að rými þrýtur ekki á næstu árum. Grafar-



Sævar Reynisson og Elías Guðmundsson á nýja þjónustutorginu.

stæði eru nú þegar um 1200 en þeim mun fjölga í tæplega 1800 með stækkuninni.

Nýtt þjónustutorg

Sævar Reynisson er formaður stjórnar kirkjugarðanna í Keflavík og segir hann miklar framkvæmdir hafa átt sér stað undanfarin ár. „Upp úr 1991 var svo komið að garðurinn var hreinlega orðinn til vansa og nauðsynlegt að fara út í framkvæmdir. Fyrsta stóra framkvæmdin var bygging þjónustuhúss við garðinn, en aðrar stærri framkvæmdir voru t.d. malbikun vegarins inn í garðinn, uppsetning sálhliðs, lýsing garðsins og nú síðast frágangur svokallaðs þjónustutorgs.“ Þjónustutorginu er ætlað að vera nokkurs konar miðpunktur þar sem hægt er að geyma áhöld til garðyrkju, komast í rennandi vatn og tylla sér niður í fallegu umhverfi, en hugmyndin er að setja þar niður bekk. Ætlunin er að slík torg verði gerð með reglulegu millibili á milli reitanna í garðinum.

Eftirtektarvert sálhlið

Sálhliðið er sérstakt að því leytnu til að það er samsett af veglegum grjóthlöðnum veggjum til beggja handa og grjóthlaðinni

eyju þar á milli. Á eyjunni stendur 9,15 m hár kross, fjögurra arma, sem sést úr öllum áttum. Stöpullinn undir honum er 1,6 m og heildarhæð krossins því 10,75 m. Í krossinum er ljósleiðari sem lýsir hann upp og er hægt að skipta um lit á lýsingunni, t.d. um jól eða aðrar hátíðir. Sannarlega eftirtektarverð aðkoma að garðinum og sérstæð. Til stendur að helluleggja vegarkafinn í gegnum hliðið, en hann var ekki malbikaður þar sem menn óttuðust að þrýstingurinn frá malbikunartækjunum gæti skaðað grjóthleðslurnar.

Garðurinn hefur tekið stakkaskiptum

Elías Guðmundsson er umsjónarmaður garðsins og hann segir framkvæmdirnar hafa verið nokkurt átak. „Hér þurfti að vinna mikla jarðvegsvinnu, bæði fylla upp í og hækka land, auk þess sem mikið hefur þurft að grjóthreinsa. En við erum nokkuð ánægðir með stöðuna í dag og garðurinn hefur tekið stakkaskiptum.“ Eitt er þó sem þeir Sævar og Elías kalla „sér-keflvískt“



Elías við grjóthleðsluna í sálhliðinu sem er mannhæðarhá þar sem hún er hæst.

Ljósmyndir: HGG.



Hið sérstaka sálhlið. Fjögurra arma krossinn rís í 10,75 m hæð.

vandamál, en það er sú hefð sem virðist hafa skapast í garðinum fyrir því að setja upp smágirðingar eða ramma í kringum leiðin, þrátt fyrir að slíkt sé ekki leyfilegt. „Þetta gerir alla hirðingu á garðinum mjög erfiða og brýtur auk þess upp heildarmyndina sem annars væri mun snyrtilegri og fallegru. Við höfum nú ekki gengið svo langt að rífa þessa ramma upp, en það er alveg ljóst að við munum ekki leyfa þá í nýju reitunum þegar þeir verða teknir í notkun. Annað stórvandamál við hirðinguna er hvíta mölin svokallaða sem margir hafa sett á leiðin. „Hún er stórhættuleg þegar unnið er með sláttuorfi við leiðin og við höfum lent í því að fólk hefur slasað sig þegar stykki af þessari möl hafa skotist í vinnufólk við slátt og garðyrkju. Svo vill hún dreifast út á göngustígana sem eru úr rauðamöl og það skapar enn meiri vinnu við hirðinguna.“

Vinna við nýju reitina er langt komin, en Friðbjörn Björnsson verktaki hefur séð um jarðvegsframvæmdir. Hólmsbergsgarður er við veginn á milli Keflavíkur og Garðs og er ástæða til að hvetja fólk til að staldra þar við og sjá hið sérstaka sálhlið og skemmtilega hannaðan garðinn.



Séð yfir einn reitanna í garðinum. Þarna sést vel hið „sér-keflvíska“ vandamál, ramar og girðingar utan um leiðin sem óneitanlega breyta heildarmynd garðsins.

Komatsu Zenoah vélorf, keðjusagir og limgerðisklippur.

Sterkbyggð, örugg og afkastamikil vinnutæki



Club Car raf- og bensínbifreiðar í úrvali.

Virtasta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með 40 ára reynslu.



Askalind 4, Kópavogur
Sími 564 1864 · Fax 564 1894
Netfang vetrarsol@vortex.is

Stiga sláttuvélar í úrvali.

Sænskar, einstaklega notendavænar sláttuvélar



Samkeppni um hönnun duftgarðs

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma ásamt Reykjavíkurborg hafa efnt til samkeppni um hönnun duftgarðs og mótun lands á Sóllandi í svenefndri Leynimýri í Öskjuhlíð. Keppnin snýst um mótun hugmyndaðar framtíðar duftgarði á svæðinu og jafnframt frágangi á náttúrulegu svæði sem er innan samkeppnissvæðisins. Samkeppnissvæðið er um 6 hektarar að stærð, allt innan svæðis sem þegar hefur verið deiliskipulagt.

Rétt til þátttöku í keppninni hafa arkitektar, verkfræðingar og aðrir þeir sem hafa tilskilin leyfi til þess að leggja aðal- og hlutauppdrætti fyrir skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur. Hafi þátttakendur ekki tilskilin leyfi þurfa þeir að tryggja sér löggiltan samstarfsaðila.

Skilafrestur tillagna er 23. maí nk. en keppnisgögn fást afhent á skrifstofu Arkitektafélagsins, Engjateigi 9 í Reykjavík.



Frá útför Jóns Þorlákssonar borgarstjóra og fyrrum forsætisráðherra 1935.



Óþekkt útför. Líkbill Eyvindar Árnasonar.

Aukin þjónusta á gardur.is

Tæp tvö ár eru liðin frá því að KGSÍ opnaði vef sinn, gardur.is, þar sem er að finna legstaðaskrár víðsvegar af landinu. Strax í byrjun voru viðbrögð við vefnum góð og heimsóknir margar þrátt fyrir að litlu sem engu hafi verið tilkostað við kynningu hans. Nú er svo komið að mun fleiri heimsækja vefinn en bjartsýnustu spár gerðu nokkurn tíma ráð fyrir. Vel er fylgst með heimsóknafjölda og þegar mest hefur verið hafa 1.100 manns heimsótt vefinn á einum degi, en að jafnaði eru heimsóknir á dag um nokkur hundruð.

Hátt í hundrað þúsund skráningar

Margir hafa sent inn bréf og vilja bæta þær upplýsingar sem er að finna á vefnum, t.d. upplýsingar um fæðingar- og dánardaga þeirra sem í legstaðaskránni eru. Einnig berast margar fyrirspurnir og þá sérstaklega um þá garða sem enn hafa ekki verið skráðir inn. Sífellt fleiri garðar bætast þó í hópinn og eru um 86.000



skráningar á vefnum eins og er, en þó er mikið verk óunnið. Upplýsingum um alla þá sem grafnir voru á árabílinu 2000 - 2002 hefur verið safnað saman og þær skráðar inn og því eru komnar inn einhverjar færslur úr flestum kirkjugörðum landsins. Um þessar mundir er verið að ræða við prófafa landsins um söfnun og skráningu dánarskýrslna inn á gardur.is og þegar slíkur samningur er kominn í gagnið

munu allir sem látast frá þeim tíma verða færðir inn í legstaðaskrána.

Ný þjónusta - ítarefni

Í lok síðasta árs var þjónustan á vefnum aukin verulega þegar aðstandendum látinna var boðið upp á að setja inn æviágrip og mynd við upplýsingar um skráða einstaklinga á vefnum. Gerður var samningur við Morgunblaðið um aðgang að þeim minningargreinum sem þar birtast, auk mynda. Er þar um að ræða svokallað ítarefni, þ.e. dökka lettrið fremst í minningargreinunum. Gjald fyrir æviágrip og mynd sem tengjast skráningu í legstaðaskrá er kr. 7.500 fyrir hverja færslu, en veittur er 25% afsláttur ef æviágrip hjóna eru skráð samtímis. Þessi þjónusta hefur hlotið góðar viðtökur og taka útfararþjónustur, Kirkjugarðar Reykjavíkur og Kirkjugarðar Akureyrar á móti beiðnum, auk þess sem hægt er að senda inn beiðni í gegnum vefinn gardur.is.

Legsteinar

Vönduð íslensk framleiðsla
Fáið sendan myndalista

MOSAİK

Hamarshöfða 4, 110 Reykjavík
sími 587 1960, fax: 587 1986




Mild og falleg lýsing

Forsíðu þessa blaðs prýðir falleg mynd af kirkjunni í Hjarðarholti í Dölum að kvöldlagi. Rafteikning hf. sá um hönnun flóðlýsingarinnar á kirkjunni og í samtali við Guðjón L. Sigurðsson, ljósaönnuð, kom fram að um einstaka lýsingu væri að ræða.

Ekki er um beina lýsingu að ræða úr ljóskösturum á kirkju, heldur er köstur-unum beint að hlemmum sem endurkasta svo ljósinu á kirkjuna. Guðjón segir það hafa verið tilviljun hvernig lýsingin varð til: „Við vorum í Hjarðarholti ásamt heimamönnum að gera tilraunir með lýsinguna og vorum með nokkra kastara. Kastararnir eru þannig að þeir eru tölu-



Lampinn er frá ítalska framleiðandanum iGuzzini og heitir „Nuvola“, umboðsaðili GH heildverslun í Garðabæ.
Ljósmyndir: Rafn Sigurbjörnsson.



Kirkjan í Hjarðarholti.

vert lengi að hitna ef maður slekkur á þeim þannig að oft snýr maður þeim niður eða undan þegar ekki er verið að nota þá. Við höfðum snúið einum kastaranum frá okkur svo hann lýsti á grindverkið í kringum kirkjuna og endurkastaði fallegri og mildri birtu til baka á kirkjuna sjálfa. Við tókum eftir þessu og urðum öll mjög hrifin og þar kviknaði hugmyndin.“

Ljóst var að ekki yrði hægt að notast við grindverkið í þessum tilgangi þar sem

það myndi skapa gloppótta birtu og valda glýju fyrir vegfarendur í nágrenninu þannig að farið var í að finna lausn á málinu. Keyptir voru stórir hlemmar, eins og skálar í laginu, sem notaðir eru í þessum tilgangi. Slíkir hlemmar eru þó vanalega hengdir upp í staur og endurkasta birtu niður á jörðina, t.d. á bílastæðum og í gördum. Í Hjarðarholti er í fyrsta sinn verið að nota þessa hlemma á þennan hátt, þ.e. þeim er stillt upp á hlið og ljósinu endurkastað á byggingu. „Hlemmarnir safna birtunni saman ef svo má að orði komast og „fókusera“ hana á kirkjuna. Þetta er afskaplega falleg birta, endurkastið af hvíta fletinum er miklu mildara en hefðbundin kastarlýsing og okkur finnst þetta mjög skemmtileg útfærsla,“ segir Guðjón. „Eina vandamálið sem við höfum átt við er að stærð hlemmanna er kannski fullmikil og þeir því nokkuð áberandi, en ætlunin er að gróðursetja í kringum þá og fella þá þannig betur inn í umhverfið. Við höfum líka hugsað okkur að lækka þá aðeins og þá held ég að þeir muni falla vel að. Einnig er eftir að vinna betur úr lýsingunni á kirkjuturninn og er stefnt að því að gera það fljótlega. Þá verður þetta enn fellegra,“ segir Guðjón. Hann segir almenna ánægju með verkið, ábúendur og heimamenn hafi lýst því yfir að birtan sé mild og góð og truflif hvorki nágranna né vegfarendur.

NÁMSKEIÐ Á AUSTURLANDI

Síðastliðið sumar fór fram námskeið fyrir umsjónarfólk kirkjugarða í Múla- og Austfjarðarprófestsdæmi þar sem fjallað var um ýmis mál er lúta að umhirðu og rekstri kirkjugarða.

Námskeiðið fór fram í Kirkjumíðstöð Austurlands á Eiðum og stóð yfir í tvo daga. Rætt var um umhirðu, legstaðaskráningu og gjaldalíkan kirkjugarða. Einnig lagfæringar og stækkun á gördum sem og lagfæringar á leiðum og legsteinum. Þá var vefurinn gardur.is kynntur sem og starfsemi Kirkjugarðasambands Íslands. Að lokum var svo farið í skoðunarferð um kirkjugarða á Austfjörðum í einmuna veðurbliðu, en hitinn var slíkur að malbikið hreinlega losnaði af vegunum. Almenn ánægja var með námskeiðið, en leiðbeinendur voru Smári Sigurðsson, Guðmundur Rafn Sigurðsson og Þorgrímur Jörgensson.



Þátttakendur á námskeiði fyrir umsjónarfólk kirkjugarða á Austurlandi.

Reglugerð um dreifingu ösku utan kirkjugarðs -eingöngu leyfileg yfir haf og óbyggðir

Nýlega tók gildi reglugerð um dreifingu á ösku látinna einstaklinga. Reglugerðin er gefin út af Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og í henni kemur fram að heimilt er að sækja um leyfi til dreifingar ösku til ráðuneytisins á þar til gerðu eyðublaði. Eyðublaðið þessi er að finna á heimasíðu ráðuneytisins á slóðinni www.doms-malaraduneyti.is.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu

Skilyrði fyrir leyfisveitingunni eru að fyrir liggja skrifleg beiðni eða samþykki hins látna fyrir dreifingu öskunnar eða a.m.k. skrifleg staðfesting aðstandenda um að það hafi verið vilji hins látna að láta dreifa öskunni. Aðeins er heimilt að dreifa ösku látinna yfir haf og óbyggðir, en með því er verið að koma í veg fyrir að ösku sé dreift yfir byggð, væntanlega byggð eða stöðuvötn. Ekki er heimilt að setja upp

neins konar minnisvarða á þeim stað sem öskunni hefur verið dreift eða í næsta nágrenni hans.

Þegar askan hefur verið afhent úr líkhúsi til dreifingar er óheimilt að geyma hana og ber þeim sem leyfið hefur fengið að dreifa öskunni á samþykktan stað. Að dreifingu lokinni skal duftkeri tafarlaust skilað til bálstofunnar í Reykjavík.

Sé sótt um leyfi til að dreifa ösku einhvers sem nú þegar hvílir í kirkjugarði, skal afla samþykkis biskups Íslands og héraðslæknis, sbr. lög nr. 36/1993, áður en unnt er að framkvæma öskudreifinguna.

Skila þarf inn staðfestingu

Eftir að dreifing ösku hefur farið fram þarf sá sem fengið hefur leyfi til dreifingarinnar að skila inn skriflegri staðfestingu um að dreifing hafi farið fram. Staðfesting-

in skal berast ráðuneytinu eigi síðar en einu ári eftir að leyfið var veitt og skal skilast á þar til gerðu eyðublaði og vottuð af tveimur einstaklingum. Þegar staðfestingin hefur borist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu upplýsir ráðuneytið legstaðaskrá Kirkjugarðasambands Íslands um hvar öskunni hefur verið dreift.

Nú þegar hafa fjórar umsóknir verið afgreiddar og hefur dreifing gengið greiðlega. Í einhverjum tilfellum var óskað eftir dreifingu á stöðum sem ekki falla undir haf eða óbyggðir og urðu aðstandendur að breyta þeim óskum í samræmi við reglugerðina.

Nöfn hinna látnu verða færð inn á legstaðaskrána gardur.is og þar verður dreifingarstaður ösku tilgreindur.



Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar.

Við Útfararstofu kirkjugarðanna starfa nú 14 manns með áratuga reynslu við útfararþjónustu. Stærsta útfararþjónusta landsins með þjónustu allan sólarhringinn.

Vesturhlíð 2
Fossvogi
Sími 551 1266
www.utfor.is

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA EHF.

Prestur
Kistulagning
Kirkja
Legstaður
Kistur og krossar
Sálmaskrá
Val á tónlistafólki
Kistuskreytingar
Dánarvottorð
Erfidrykkja

Danir heimsækja íslenska kirkjugarða

Von er á góðri heimsókn frá Danmörku, en þann 4. apríl nk. kemur til landsins 15 manna hópur danskra kirkjugarðaforstjóra ásamt mökum. Erindið eru fundahöld, auk þess sem ætlunin er að skoða kirkjugarða í Reykjavík og á Suðurlandi. Hópurinn heimsækir kirkjugarða



Assistens kirkjugarðurinn í Kaupmannahöfn.

Reykjavíkur þann 8. apríl og hefst dagskráin með heimsókn í Fossvogskirkju, en síðan verða Fossvogskirkjugarður, Hólavallagarður og Gufuneskirkjugarður skoðaðir undir leiðsögn. Dagskráin stendur allan daginn og halda Danirnir svo heim á leið þann níunda.



Líkflutningabíll Eyvindar Árnasonar, sá fyrsti á Íslandi Chrysler 1931.



Ljós.: Jóhann Ísberg

Legsteinalundur í Fossvogskirkjugarði

Fimmta október sl. vígði biskup Íslands, Hr. Karl Sigurbjörnsson, legsteinalundinn í Fossvogskirkjugarði þar sem sjá má frumgerðir legsteina úr samkeppni meðal listamanna sem fjallað var um í Bautasteininum á síðasta ári. Í lundinum er að finna tíu frumgerðir nýrra legsteina auk fimm eldri steina. Reiturinn er hinn glæsilegasti og þar má tylla sér niður og njóta umhverfisins og skoða úrval af nýjum legsteinum.

Stílhreint útlit - Slitmeiri lok - ISO staðlar



Flotkarmur/lok MPJ - 120 í malbikaðar götur fyrir 40 tonna álag
Léttkarmur/lok MPJ - 130 í malbikuð plön fyrir 25 tonna álag
Graskarmur/lok MPJ - 134 í gróðurreiði fyrir 25 tonna álag
Hellukarmur/lok MPJ - 136 í hellulagnir fyrir 25 tonna álag
Niðurfallshólkar/ristar, margar gerðir fyrir götur, plön, gróðurreiði o.fl.

Öll framleiðsla er efnagreind í fullkomnu efnagreiningartæki sem tryggir að efnisgæði uppfylla kröfur ISO staðla.



MÁLMSVEIPA
 Porgríms Jónssonar ehf.
 Miðhraun 6 • 210 Garðabær
 Sími 544 8900 • Fax 544 8901

Útför jarðarför - bálför

*Athyglisverðar
 upplýsingar, kynnið
 ykkur málið!*

kirkjugardar.is/hagnytar

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?



YDDA/SIA

*Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi.
Þess vegna áttu rétt á að fá örugga leiðsögn og fyrsta
flokks þjónustu þegar tryggingamál þín eru annars vegar.
Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.*



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF

þegar mest á reynir!

Aðalstræti 6 - 8 • 101 Reykjavík • Sími 515 2000 • www.tmhf.is